

Ólafi Thorlacius, 20 kr. í skaðabætur og í áfrýjunarkostnað 40 kr.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 24. maí.

Nr. 18/1909:

P. M. Bjarnason & Co.

gegn

skiftaráðandanum í Reykjavík f. h.

Þrotabús Önnu Kr. Bjarnadóttur,

Jóni Bjarna Péturssyni og

Önnu Kr. Bjarnadóttur.

Ú r s k u r ð u r:

Mál þetta var tekið fyrir í yfirréttinum 17. þ. m. samkvæmt áfrýjunarstefnu dags. 1. f. m. Lagði þá umboðsmaður áfrýjanda málflutningsmaður Magnús Sigurðsson fram áfrýjunarstefnu og nokkur önnur skjöl málinu viðvíkjandi, þar á meðal leyfisbréf, útgefið 6. f. m., til að leiða ný vitni í málinu og leggja fram í því ný skjöl og skilríki, en það um frest í 8 vikur til málsútlistunar og vitnaleiðslu. Umboðsmaður hins stefnda, Oddur málaflutningsmaður Gíslason, tjáði sig fúsan til að samþykkja þriggja vikna frest, eða frest til næsta réttardags eftir hvítasunnu, en mótmælti öllum frekari fresti. Þenna ágreining lögðu báðir málsaðilar undir úrskurð réttarins.

Áfrýjandinn sýndi í yfirdóminum stefnu til vitnaleiðslu í máli þessu, útgefna 10. f. m. og birta 14. s. m., en vitnaleiðsla þessi á að fara fram á Ísafirði 8. júní þ. á., og er frestbeiðni hans miðuð við það, að geta fengið þær vitnagjörðir áður en hann leggur fram málsútlitun sína í yfirdóminum.

Með því nú að dómur sá, er áfrýjað er með máli þessu, var kveðinn upp 26. marz þ. á., áfrýjunarstefnan gefin út 1. apríl, leyfisbréf til að leiða ný vitni og leggja fram ný skjöl og skilríki fengið 6. s. m. og stefna til vitnaleiðslu á Ísafirði 8. n. m. útgefna 10. f. m., þá verður að álita að áfrýjandi hafi haft þann hraða á málinu, er krafist varð af honum, þar sem hann taldi sig þurfa þeirra frekari upplýsinga, er hann hefir fengið fyrgreint konungsleyfi til að afla sér. Það virðist því rétt, samkvæmt grundvallarreglum í tilskipun 3. júní 1796, 6. gr. i. f., að veita honum frest þann, er hann hefir um beðið, en það er 8 vikna frestur frá 17. þ. m. eða frestur til 12. júlí næstkomandi.

#### Því úrskurðast:

Áfrýjanda veitist frestur í máli þessu til 12. júlímánaðar næstkomandi.